



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Alþjóðadeild í Landakotsskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 6. júní 2017 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata auk þess greinargerð Landakotsskóla um framgang tilraunaverkefnisins alþjóðleg deild í Landakotsskóla, dags. í apríl 2017, minnisblað sviðsstjóra, dags. 30. maí 2017 varðandi rekstur alþjóðadeildar við Landakotsskóla, þjónustusamningur við Landakotsskóla, dags. 20. október 2015 og viðaukar við þjónustusamning, dags. 19. janúar 2016 og 17. febrúar 2017:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að veitt verði heimild fyrir stofnun og starfrækslu alþjóðadeildar við Landakotsskóla fyrir allt að 70 nemendur. Fyrirvari er gerður um að mennta- og menningarmálaráðuneyti veiti viðurkenningu til samræmis við 46. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til Landakotsskóla verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 234 í stað 189 frá upphafi skólaárs 2017 -2018. Framlag verði greitt óháð því hvort reykvískur nemandi sé í almenna hluta skólans eða í alþjóðadeild. Engu að síður verði skýrt í hvorum hluta skólans reykvískir nemendur eru. Sviðsstjóra er falið að gera viðauka við núverandi samning aðila frá 20. október 2015 þar sem kveðið er á um fjölgun nemenda.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillöggunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Greinargerð Landakotsskóla, dags. í apríl 2017

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 30. maí 2017

Þjónustusamningur við Landakotsskóla, dags. 20.okt. 2015



Reykjavík, 30. maí 2017
SFS2016060089
120. fundur / fskj. 2/7
HG/gst/geb

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Rekstur alþjóðlegrar deildar við Landakotsskóla

I forsaga málsins

Í bréfi til skóla- og frístundaráðs, dags. 12. maí 2015, óskaði skólastjóri Landakotsskóla eftir því að skólinn fengi heimild til að þróa námsframboð sitt og bjóða upp á nám á ensku í samræmi við alþjóðlega staðla haustið 2015. Deildin var talin mæta aukinni þörf fyrir námstilboð á ensku fyrir stækkandi hóp barna erlenda starfsmanna hjá íslenskum og erlendum fyrirtækjum auk barna starfsmanna við erlend sendiráð hér á landi. Skólinn hafði þá þegar fengið umsóknir frá foreldrum 20 barna sem óskuðu eftir slíkri deild við Landakotsskóla. Upphafleg umsókn gerði ráð fyrir 24 nemendum við deildina í þrískiptum aldursþópum. Skólinn hafði áform um að sækja um undanþágu frá því að kenna eftir aðalnámskrá grunnskóla eins og kveðið er á um í kafla 16.4 í aðalnámskránni. Skólinn lagði fram drög að viðmiðunarstundaskrá og gerði grein fyrir í hverju frávik frá aðalnámskrá yrðu fólgin ásamt því að greina frá því á hvern hátt námið í alþjóðlegri deild yrði samtvinnuð hefðbundnu starfi skólans. Í umsókn kom einnig fram að unnið yrði að uppbyggingu alþjóðlegrar námskrár innan skólans og sótt um alþjóðlega vottun í kjölfarið. Skólinn hafði skoðað nokkra möguleika til vottunar og þegar sótt um vottun hjá Cambridge International Examinations sem er hluti af háskólanum í Cambridge (<http://www.cie.org.uk/>) en um 10.000 skólar í 160 löndum starfa eftir þeirri námskrá.

Á 80. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 3. júní 2015 var samþykkt að heimila Landakotsskóla að hefja tveggja ára tilraunaverkefni um stofnun og starfrækslu alþjóðadeildar við skólann fyrir allt að 24 nemendum, þar af 13 reykvíska nemendum, og var sviðsstjóra falið að ganga til samninga við forsvarsmenn skólans á þeim forsendum.

II Greinargerð Landakotsskóla um starfsemina og athugun skóla- og frístundasviðs

Skólastjóri Landakotsskóla skilaði skóla- og frístundasviði greinargerð um framgang tilraunaverkefnisins í byrjun maí sl. Þar óskaði skólastjórinn eftir því að rekstri alþjóðadeildarinnar við skólann væri fram haldið og að skólinn fái endanlegt leyfi frá Reykjavíkurborg til að halda áfram rekstri deildarinnar. Í greinargerðinni er gerð grein fyrir hvernig starfið í deildinni hefur þróast og hvernig aðsókn hefur aukist. Haustið 2017 er t.a.m. gert ráð fyrir að heildarfjöldi í alþjóðadeildinni verði allt að 67 nemendum. Deildin starfar nú

eftir alþjóðlegri námskrá Cambridge International Examinations (CIE) og hefur hlotið vottun þeirrar stofnunar. Í greinargerðinni er fjallað um hvernig samstarf alþjóðadeildar og almenna hluta skólans hefur þróast á þeim tveimur skólaárum sem deildin hefur starfað. Jafnframt kemur fram að nemendur í alþjóðadeild ljúka IGSE prófi (International General Certificate of Secondary Education) og geta hafið IB-nám í Menntaskólanum við Hamrahlíð að loknu námi í alþjóðadeild Landakotsskóla. Enn fremur er fjallað um ávinning skólans af starfi alþjóðadeildarinnar sem m.a. felst í fjölbreyttari nemendahópi, aukinni frönskukennslu við skólann, nemendur í almennum bekkjardeildum geta sótt krefjandi enskunám í alþjóðadeild, val á unglingastigi hefur aukist sem skiptir lítinn skóla miklu máli, kennarar í hlutastarfi hafa fengið aukið starfshlutfall, frístund hefur eflst þar sem bæði nemendur í almenna hluta og alþjóðadeild una við leik og starf, félagsstarf á miðstigi hefur aukist og skólastarfið í heild er öflugra og fjölbreyttara.. Foreldraráð alþjóðadeildarinnar hefur unnið náðið með foreldraráði almennu bekkjardeildanna, ráðin skipulagt saman viðburði, staðið fyrir fjáröflun og verið til samráðs um inntak og skipulag skólastarfsins, eins og lög og reglugerðir gera ráð fyrir.

Í greinargerðinni er sérstaklega dregið saman hvernig tilraunaverkefnið hefur verið metið jafn óðum í skólastarfinu og hvernig brugðist hefur verið við formlegu og óformlegu mati. Á haustmíssi 2015 var t.a.m. matsfundur meðal kennara og starfsfólks þar sem farið var yfir ávinning af starfsemi alþjóðadeildarinnar og hvað mætti betur fara. Í kjölfar þess fundar voru gerðar breytingar á list- og verkgreinastofum, útbúin náttúrufræðistofa og sérkennsluver endurskipulagt ásamt því að skerpa á skólareglum og þýða þær á ensku. Á kennarafundum hefur verið fjallað um framgang verkefnisins og haldnir nokkrir fundir með fulltrúum foreldra í alþjóðadeildinni, m.a. til að ákveða hvaða námskrá yrði lögð til grundvallar í starfi deildarinnar. Christine Brown, starfsmaður utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna, sem hefur það verkefni að styðja við alþjóðlegt nám sem starfsmenn sendiráða nýta víða um heim, heimsótti skólann og gaf starfinu sín bestu meðmæli. Vorið 2016 var gerð könnun á viðhorfum nemenda til kennslu í þeim greinum þar sem nemendur alþjóðadeildar og almenna hluta skólans sóttu saman. Niðurstaðan benti til þess að viðhorf nemenda var neikvæðara til þess að kenna bæði á íslensku og ensku í ákveðnum greinum og var því ákveðið að aðskilja þá hópa haustið 2016 en halda áfram með þá hópa þar sem vel hafði gengið, s.s. í sundi, dansi og íþróttum.

Cambridge háskólinn gerði formlega úttekt á starfinu í apríl/máí 2016. Kallað var eftir margvíslegum gögnum fyrir matsheimsóknina, fundað var með foreldrum, stjórnarmönnum, skólastjóra, kennurum, deildarstjóra og nemendum. Niðurstaðan var sú að skólinn stóðst allar kröfur samtakanna nema hvað varðaði geymslu skriflegra lokaprófa sem þarf að vera tilbúin áður en fyrstu skriflegu lokaprófin verða væntanlega vorið 2018. Einnig þurfti skólinn að koma upp sérstakri raungreinastofu sem uppfyllti ákveðin skilyrði og ráða kennara til kennslu raungreina í 9. – 10. bekk sem lokið hefði BS-prófi í raungreinum. Var það skilyrði uppfyllt í júní 2016.

Haustið 2016 voru haldnir fundir með fulltrúum nokkurra sendiráða til að ræða framgang verkefnisins þar sem í ljós kom almenn ánægja meðal starfsfólks sendiráðanna. Von er á fleiri börnum sendiráðsstarfsmanna á næstunni sem bendir til þess að starfið hafi spurst vel út meðal þessara aðila.

Námsárangur nemenda hefur verið mældur með fjórum stöðluðum prófum:

- *MAP (Measure of Academic Progress)* metur stöðu í lestri, málnotkun og ritun auk raungreina og stærðfræði og hefur verið lagt fyrir alla 5 – 15 ára nemendur frá vori 2016. Nemendur í 7. – 10. bekk í almenna hluta skólans og alþjóðadeildinni hafa tekið MAP (Measure of Academic Progress) til að meta framfarir og stöðu þeirra í lesskilningi, ritun og málfræði, stærðfræði og náttúrufræði og til að bera stöðu þeirra

saman við jafnaldra þeirra víða um heim og voru nokkrir þeirra með 5% hæstu í sínum hópi á heimsvísu.

- *Cambridge Progression* prófin eru samín af Cambridge háskóla og lögð fyrir alla nemendur á aldrinum 5 – 14 ára að vori til að meta stöðu í stærðfræði, lestri og vísindum. Þessi próf voru í fyrsta sinn lögð fyrir nemendur í Landakotsskóla vorið 2017. Kennarar skólans fara yfir niðurstöður en fylgja úrlausnum frá Cambridge.
- *Cambridge Checkpoint* próf eru lögð fyrir nemendur þegar þeir fara á milli námsstiga eða í 5. bekk og í lok 8. bekkjar. Niðurstöður eru sendar til Cambridge til yfirferðar.
- *Cambridge IGCSE* er lög fyrir í öllum námsgreinum sem nemandinn hefur lagt stund á udangengin tvö ár og eru niðurstöður sendar til Cambridge til yfirferðar. Enn hefur enginn nemandi Landakotsskóla þreytt þessi próf en gert er ráð fyrir að þau verði í fyrsta sinn lögð fyrir vorið 2018.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar hefur reglulega metið framgang verkefnisins, farið yfir kostnað í tengslum við verkefnið og önnur mál sem tengjast starfi alþjóðadeildarinnar. Stofnkostnaður var nokkur en deildin stendur nú undir sér eins og aðrir þættir skólastarfsins að sögn skólustjóra Landakotsskóla.

Af ofangreindu má vera ljóst að mjög vel hefur verið staðið að starfi og rekstri alþjóðadeildar við Landakotsskóla þessi tvö skólaár sem deildin hefur verið starfrækt sem tilraunaverkefni. Stjórnendur skólans hafa borið metnað til að þróa starfið áfram í samstarfi við starfsfólk, foreldra og nemendur skólans. Niðurstöður vottunar sem CIE stóð fyrir vorið 2016 bendir einnig til þess að vel hafi verið staðið að stofnun deildarinnar og þróun starfsins. Námsárangur nemenda virðist vera sambærilegur við jafnaldra í öðrum deildum um víða veröld og standast samanburð við sambærilegar deildir annars staðar. Nemendur sem útskrifast úr alþjóðadeild Landakotsskóla geta sótt um skólavist í IB-deild Menntaskólans við Hamrahlíð sem tryggir þeim áframhaldandi nám á ensku hér á landi. Aðsókn að deildinni hefur aukist jafnt og þétt og hróður hennar borist víða um alþjóðasamfélagið hér á landi. Að sögn skólustjóra Landakotsskóla sækja öll börn núverandi sendiráðsstarfsmanna hér á landi nú alþjóðadeild skólans.

Starfsmenn á skrifstofu SFS fóru í tengslum við ofangreinda umsókn í matsheimsókn í Landakotsskólann í vikunni 22. – 26. maí sl. til að kanna líðan nemenda, fylgjast með námi og kennslu ásamt því að skoða innra skipulag skólans. Markmiðið var einnig að koma með ábendingar til stjórnenda skólans um leiðir til framfara. Skoðuð voru gögn, s.s. skólanámskrá og starfsáætlun skólans, námsmat alþjóðadeildarinnar, greinargerð um starf alþjóðadeildarinnar, heimasíða skólans og ýmis gögn sem afhent voru að beiðni matsaðila. Auk þess var gagna aflað með athugunum í kennslustundum og viðtali við skólustjóra. Hluti viðmiða um gæðastarf í skólastarfi, um stjórnun og nám og kennslu, voru m.a. notuð til að leggja mat á skólastarfið. Niðurstaða matsins var sú að almennt væri skólinn aðlaðandi og vistlegur. Nemendum virðist líða vel og samskipti almennt góð. Þar sem alþjóðadeildin er hluti af Landakotsskóla sem á sér langa sögu er skólahaldið almennt í föstum skorðum. Þó eru ýmis tækifæri til að gera betur, s.s. að endurskoða skólanámskrá og starfsáætlun og birta á heimasíðu, uppfæra náms- og kennsluáætlanir almenna hluta skólans og birta á heimasíðu, setja tengla á heimasíðu sem vísa á Cambridge námskrána og upplýsingar fyrir foreldra, birta náms- og kennsluáætlanir á ensku og íslensku í öllum greinum sem Cambridge námskráin tekur ekki á, endurskoða skólareglur og kynna þær árlega fyrir nemendum, kanna á hverju ári líðan og viðhorf nemenda alþjóðadeildarinnar og afla leyfisbréfa og/eða undanþágu fyrir þá kennara sem ekki hafa vottun frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Skrifstofa SFS telur sig því geta mælt með því að gengið verði til samninga við stjórnendur Landakotsskóla um áframhaldandi starfsemi alþjóðadeildarinnar við skólann og henni tryggður rekstrargrundvöllur í framtíðinni. Með því að fjölga nemendum við skólann er hægt að bjóða upp á fjölbreyttara skólastarf og auka valmöguleika nemenda í námi. Nemendur í almennum bekkjardeildum sem hafa búið í ensku málumhverfi geta sótt krefjandi enskunám við hæfi í alþjóðadeildinni. Frístundastarf og félagsstarf hefur eflst þar sem báðir málhópar nýta frístundaheimilið og hægt hefur verið að bjóða upp á fjölbreyttara félagsstarf á mið- og unglíngastigi. Þessir þættir geta allir orðið til þess að auka valmöguleika foreldra af erlendum uppruna varðandi skólavist barna sinna og gera þeim auðveldara að setjast hér að tímabundið eða til framtíðar.

III Fjárframlög Reykjavíkurborgar til Landakotsskóla

Þjónustusamningur um framlag vegna nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrarnir eiga heimili í Reykjavík var undirritaður 20. október 2015. Þar er kveðið á um að heimilt sé að greiða framlag vegna 158 reykvískra nemenda. Viðauki við þann samning var síðan undirritaður 19. janúar 2016 sem kvað á um að Landakotsskóla væri heimilt að starfrækja alþjóðadeild fyrir allt að 45 nemendur og að skóla- og frístundasviði væri heimilt að greiða framlag vegna 171 reykvískra nemenda þann tíma sem viðaukinn gildir óháð því hvort viðkomandi nemendur væru skráðir í almenna hluta skólans eða alþjóðadeildina. Gildistíma viðaukans lýkur 31. maí 2017 og verður þá einnig greidd út síðasta greiðsla til Landakotsskóla á forsendum viðauka sem samþykktur var í tengslum við alþjóðadeildina. Með samþykkt skóla- og frístundaráðs þann 14. desember 2016 og borgarráðs þann 22. desember 2016 var heimilað að greiða framlag vegna 7 nemenda til viðbótar frá 1. janúar 2017 og með 20 nemendur til viðbótar frá upphafi skólaársins 2017 – 2018. Auk þess var samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. mars 2017 og í borgarráði þann 30. mars 2017 að heimilt yrði að greiða framlag vegna fjögurra barna til viðbótar frá 1. apríl 2017. Frestað var afgreiðslu umsóknar um að heimilt verði að greiða framlag vegna 20 reykvískra nemenda frá upphafi skólaárs 2017 – 2018 og umsóknar um að greitt verði framlag vegna fleiri fimm ára barna en nú er. Með vísan til framangreinds er heimilt að greiða framlag vegna 189 reykvískra barna frá upphafi skólaársins 2017 – 2018.

Í greinargerð Landakotsskóla kemur fram að í vetur verða um 260 nemendur við skólann en ef allar bekkjardeildir væru fullsetnar gæti fjöldi nemenda verið allt að 332, þar af gætu að hámarki verið 90 nemendur í alþjóðadeildinni. Til að mæta óskum foreldra um skólasókn barna þeirra við Landakotsskóla þurfi að fjölga þeim nemendum sem skólinn fær greidd framlög vegna frá Reykjavíkurborg um a.m.k. 32 nemendur fyrir næsta vetur. Til að fullnýta húsnæði skólans telur skólastjóri Landakotsskóla að lyfta þyrfti þaki þjónustusamnings um 92 nemendur. Fram kemur að ekki er þörf á að auka fjölda nemenda í leikskóladeild en sótt hefur verið um skólavist fyrir 20 nemendur með lögheimili í Reykjavík en þjónustusamningur vegna leikskóladeildar gerir ráð fyrir 22 nemendum.

Með vísan til framangreinds er litið svo á að Landakotsskóli fari fram á að í tengslum við viðurkenningu alþjóðadeildar við Landakotsskóla samþykki Reykjavíkurborg að greiða framlag vegna 32 nemenda að viðbættum 13 nemendum sem greitt hefur verið framlag vegna í alþjóðadeild sem þróunarskóla eða samtals vegna 45 reykvískra nemenda.

Skv. 43. gr. b. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum á sjálfstætt rekinn grunnskóli sem gert hefur þjónustusamning á rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vagnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu

Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Sk. 2. og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 1270/2016 um ákvörðun framlaga úr sveitarsjóði til sjálfstætt rekinna grunnskóla skal útreikningur Hagstofu Íslands vegna komandi skólaárs liggja fyrir í september ár hvert. Útreikningur skal byggður á ársreikningum sveitarfélaga fyrir liðið ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga til þess dags sem útreikningur er gerður. Verðlagsbreytingar skulu taka mið af almennum launahækkunum starfsmanna grunnskóla og breytingum á vísitölu neysluverðs að teknu tilliti til vægis hvors þáttar fyrir sig í rekstrarkostnaði grunnskólanna. Hagstofa Íslands tekur saman 90 dögum eftir að viðmiðunarmánuði lýkur og birtir fimmta dags hvers mánaðar, á tímabilinu frá október og fram til ágúst, framreiknað framlag skv. 1. mgr. Við framreikning þess skal tekið tillit til verðlagsbreytinga sem orðið hafa frá ákvörðun framlags skv. 1. mgr., þ.e. almennra launahækkana starfsmanna grunnskóla og breytinga á vísitölu neysluverðs, miðað við vægi hvors þáttar í rekstrarkostnaði grunnskóla.

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 1.755.187 í mars 2017. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegt framlag sveitarfélags á hvern nemanda í sjálfstætt reknum grunnskóla kr. 1.382.210.- Gert er ráð fyrir 5% álagi á framangreinda fjárhæð. Ef miðað er við 70% þá er árlegt framlag sveitarfélagsins pr. nemanda miðað við mars 2017 kr. 1.228.631 að viðbættu 5% álagi kr. 1.290.063.-

Fastur kostnaður Reykjavíkurborgar vegna hvers nemanda að því gefnu að pláss sé fyrir hann í grunnskóla Reykjavíkurborgar er u.þ.b. 679.000- eða u.þ.b. 35% af áætluðum árlegum rekstrarkostnaði á hvern nemanda í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Heildargreiðslur vegna 45 reykvískra nemendur til viðbótar til Landakotsskóla, 45 x 1.382.210, verða því kr. 62.199.450 á ársgrundvelli miðað við að greitt sé 75% af áætluðum árlegum rekstrarkostnaði. Ef miðað er við 70% af áætluðum rekstrarkostnaði er um að ræða kr. 58.052.835.-

Ef miðað er við að breyting á verðlagi leiði til 5% hækkunar á framlaginu má gera ráð fyrir að aukin framlög til skólans frá upphafi skólaársins 2017-2018 vegna 45 reykvískra nemenda verði kr. 27.826.110 á árinu 2017 miðað við 75% en 25.970.985 miðað við 70%.

Ekki er gert ráð fyrir auknum framlögum frá því sem nú er til Landakotsskóla í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2017.

ALÞJÓÐLEG DEILD Í LANDAKOTSSKÓLA

Greinargerð um framgang tilraunaverkefnis.

Send skóla- og frístundasviði og Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

EFNISYFIRLIT

Inngangur	2
Aðsókn.....	2
Nemendafjöldi – þróun	3
Alþjóðabekkir og almennir bekkir – samstarf	4
Íslenskunám í alþjóðadeildinni.....	4
Almennur ávinningur Landakotsskóla af starfrækslu alþjóðadeildar	5
alþjóðleg próf	6
Foreldraráð.....	6
Vottun	7
Samstarf þjónustumiðstöðvar og alþjóðadeildar	7
Starfsfólk	8
Áskoranir	8
Niðurlag.....	9

INNGANGUR

Í júní 2015 veitti menntaráð Reykjavíkurborgar og borgarráð, Landakotsskóla leyfi til að hefja tveggja ára tilraunaverkefni sem miðar að því að kenna eftir alþjóðlega vottaðri námsskrá og eftir skólanámsskrá Landakotsskóla. Í kjölfarið veitti Menntamálaráðuneytið skólanum undanþágu frá aðalnámsskrá á grunni heimildar um þróunarskóla, gr. 16. 4. Stjórn Landakotsskóla hefur lengi haft hug á að þróa áfram alþjóðlegt nám við skólann. Fjöldi tvítyngdra nemenda er tiltölulega hár í skólanum og hefur hann alla tíð haft fjölþjóðlegt yfirbragð. Ástæða þess að sótt var um þróunarverkefnið á þessum tímapunkti var að á vormisseri 2015 leitaði hópur áhugasamra foreldra til skólastjóra og stjórnar skólans og óskaði eftir því að alþjóðleg deild yrði stofnuð við skólann. Eftir nokkrar vangaveitur var ákveðið að bregðast við þessum óskum og fara af stað með tveggja ára tilraunaverkefni sem lýkur nú í vor.

Skólinn fer hér með fram á að rekstri alþjóðlegrar deildar verði framhaldið og að skólinn fái endanlegt leyfi frá borg og ríki til að halda slíku námi úti við skólann. Skólinn starfar nú eftir alþjóðlegri námsskrá Cambridge samtakana (Cambridge International Examinations) og hefur hlotið vottun þeirra. Hér á eftir fer greinargerð um framgang verkefnisins.

AÐSÓKN

Í upphaflegri umsókn til Reykjavíkurborgar var gert ráð fyrir að nemendur á grunnskólaaldri yrðu ekki fleiri en 24, 13 með lögheimili í Reykjavík og önnur börn frá öðrum sveitarfélögum og börn án lögheimilis sem tengjast sendiráðum. Þessar tölur voru settar fram í ljósi þeirra umsókna og fyrirspurna sem borist höfðu þegar umsókn til borgarinnar var send inn. Ráðgert var að skipta hópnum í þrennt. Þegar heildarfjöldi umsókna var skoðaður í ágústbyrjun 2015 kom hins vegar í ljós að nemendadreifingin var með þeim hætti að nokkur systkinapör voru í hópnum og þótti ekki æskilegt, vegna ólíkrar námsstöðu þessara barna, að þau væru saman í hópi. Einnig hafði áhrif að áhugi virtist strax vera mikill á þessum nýja valmöguleika. Því var brugðið á það ráð í upphafi haustannar að fjórskipta hópnum. Með því móti varð námið nokkuð dýrara en ráð var fyrir gert en að sama skapi hægt að taka á móti fleiri nemendum. Eftir að skólinn var farinn af stað um haustið, óskuðu nokkrir nemendur í almenna hluta skólans eftir því að flytja sig í alþjóða hlutann. Eftirspurn varð því fljótt meiri en upphaflegt leyfi borgarinnar gerði ráð fyrir. Nemendurnir sem óskað var eftir að flytja í alþjóðadeildina voru aðallega börn starfsmanna alþjóðlegra fyrirtækja eða foreldra sem hugðust flytja frá Íslandi fljótlega og/eða höfðu búið lengi erlendis. Fljótlega var sótt um til borgarinnar að fá leyfi til að taka inn fleiri nemendur í alþjóðadeildina. Leyfi til að stækka deildina upp í 45 nemendur veitti menntaráð Reykjavíkurborgar í desember 2015 og borgarráð í upphafi árs 2016. Einnig veitti borgin skólanum leyfi til að horfa heildstætt á nemendafjölda í skólanum en skólinn hafði leyfi til að taka inn fleiri reykvíska nemendur í almennan hluta skólans en hann nýtti. Með þessu móti gat skólinn bætt nokkrum nemendum við í alþjóðadeildina.

Í desember 2016 var aftur orðið ljóst að aðsókn í alþjóðadeildina var meiri en skólinn hafði leyfi til að taka á móti og sótti skólinn því um leyfi til skóla- og frístundaráðs til að taka inn fleiri nemendur, bæði í alþjóðadeildina en líka í almenna bekk skólans. Í desember 2016 veitti skóla- og frístundaráð og síðar borgarráð skólanum leyfi til að taka inn sjö nemendur til viðbótar og var það leyfi ekki bundið alþjóðadeildinni. Í lok mars 2017 fékk skólinn aftur leyfi frá skóla- og frístundaráði og síðar borgarráði til að taka inn fjóra nemendur sem sótt höfðu um skólavist í alþjóðadeildinni og tóku þessi leyfi gildi á vormisseri. Í desember var einnig afgreitt leyfi til skólans um að taka inn 20 nemendur til viðbótar og tekur sú hækkun gildi frá og með skólaárinu 2017 – 2018. Þegar er ljóst að líklega mun þessi fjöldi ekki duga til.

Mikilvægt er að borgin horfi til þess fjölda sem forsvarsmenn Landakotsskóla telja að rými sé fyrir innan skólans í eitt skipti fyrir öll. Það er tímafrek skriffinnska að þurfa að biðja um leyfi vegna hveftrar og einnar umsókna og torveldar mjög greinargóð svör til foreldra. Á nýliðnum vetri komu margar umsóknir um miðjan vetur og geta

forsvarsmenn skólans engan veginn vitað hvenær von er á umsóknum en brýnt að geta svarað foreldrum fljótt og skýrt. Oft hefur fólk haft samband við skólann áður en það ákveður hvar það vill búa.

Í atvinnustefnu borgarinnar kemur fram að mikilvægt sé að hafa öflugt alþjóðlegt nám í Reykjavík. Skólinn telur að hann sinni mikilvægri þjónustu í borgarsamfélaginu með því að starfrækja alþjóðlega deild.

NEMENDAFJÖLDI – ÞRÓUN

Í yngsta hópi alþjóðadeildar, hópi A, sem nær bæði til fimm ára barna og barna á grunnskólaaldri (1. og 2. bekkur) voru sex börn í upphafi haustannar 2015. Á vorönn 2016 voru börnin orðin sjö. Í upphafi haustannar 2016 voru börnin 12, og í upphafi vorannar voru börnin 11. Umsóknir í þennan hóp fyrir næsta haust eru nú orðnar 30 og hefur því verið ákveðið að skipta hópnum í tvennt fyrir næsta haust en kenna hópnum í einum stórum sal.

Á tímabilinu 2016 – 2017 hafa þrjú nemendur stundað nám í þessum hópi sem eru börn háskólakennara. Þau hafa staldrað stutt við, tvo til fjóra mánuði og ekki átt lögheimili á Íslandi og því ekki fengist nein greiðsla frá borginni fyrir þessa nemendur. Ef skólinn hefði fengið greitt sambærilega upphæð fyrir þessi börn og önnur hefðu tekjur hans verið tæp milljón.

Í B hópi voru í upphafi átta börn í þriðja og fjórða bekk. Nemendahópurinn hefur tekið litlum breytingum á tímabilinu. Á haustönn 2016 voru nemendur níu og átta til skiptis og flakkaði talan upp og niður fram í mars. Útlit er fyrir að hópurinn haldist nokkuð óbreyttur næsta haust.

Í þessum hópi voru á tímabilinu tveir nemendur sem eru börn háskólakennara sem áttu ekki lögheimili á landinu. Annað barnið var í fjóra mánuði og hitt barnið var í einn mánuð. Alls er því útlit fyrir að skólinn hafi orðið af rúmlega hálfri milljón króna vegna þjónustu við þessi börn sem borgin hefur kosið að greiða ekki.

Í C hópi eru nú 13 nemendur og fjölgaði um fimm í þeim hópi eftir að leyfi fékkst til að fjölga í deildinni. Tveir nemendur fluttu sig úr almenna hlutanum í alþjóðadeildina og tveir nýir nemendur bættust í hópinn. Útlit er fyrir nokkra fjölgun í þessum hópi næsta vetur. Í C hópi var nemandi sem er barn háskólakennara og var hann tvo mánuði í skólanum og engin greiðsla fékkst heldur fyrir þann nemanda.

Í bekk elstu nemenda, D-hópi, fjölgaði úr fjórum í sjö fram í ársbyrjun 2016 og munu í aprílbyrjun verða 11 og er útlit fyrir að sú tala haldist óbreytt næsta vetur.

Því voru á haustmisseri 2015 alls 24 börn í alþjóðdeildinni á grunnskólaaldri, auk tveggja sem eru fimm ára. Í janúar 2016 fjölgaði upp í 40 nemendur á grunnskólaaldri auk tveggja sem eru á leikskólaaldri. Af þeim voru 19 nemendur á grunnskólaaldri með lögheimili í Reykjavík. Næsta haust er útlit fyrir að heildarfjöldi verði 67 börn, 30 frá Reykjavík á grunnskólaaldri og 1 á leikskólaaldri.

Í nemendahópnum eru börn allra diplómata sem starfa við sendiráð í Reykjavík, fjöldi barna þar sem foreldrar vinna hjá alþjóðlegum fyrirtækjum, börn foreldra sem hyggjast flytja utan á næstu misserum og börn þar sem annað eða báðir foreldrar eru að erlendum uppruna og kjósa að börn þeirra hljóti alþjóðlegt nám þó þau séu íslenskir ríkisborgarar.

ALÞJÓÐABEKKIR OG ALMENNIR BEKKIR – SAMSTARF

Í upphafi var gert ráð fyrir að nemendum í alþjóðadeildinni og í almennum bekkjardeildum yrði samkennt í list- og verkgreinum, íþróttum, sundi og frönsku og að kennsla færi fram á íslensku og ensku. Hver alþjóðabekkur á systurbekk í almenna hluta skólans og saman sóttu þeir kennslu í framantöldum greinum á skólaárinu 2015 – 2016. Á vormisseri 2016 var gerð könnun meðal allra nemenda um hvernig þeir upplifðu kennslu í þessum greinum. Í ljós kom að ánægja nemenda var minni í nokkrum greinum þar sem nemendahópum var blandað saman, einkum átti það við í myndmennt, textilmennt, tónmennt og smíði. Þegar rýnt var í niðurstöðu þar sem upplifun nemenda var neikvæðari kom í ljós að erlendu nemendurnir þurftu stundum að bíða of lengi eftir útskýringum, óróleiki skapaðist í kjölfarið og íslensku nemendurnir upplifðu einnig órólegri stemningu í tímunum. Á haustmisseri 2016 var því ákveðið að hverfa frá þessari blöndun nema í dansi og íþróttum, þar sem upplifun nemenda var jákvæð.

Nokkuð meira samstarf hefur verið milli almennra bekkjardeilda og alþjóðadeilda en ráð var fyrir gert þó blöndun í ofantöldum greinum hafi ekki gengið eftir að fullu. Hér eru dæmi um tengsl sem voru meiri en skipulag gerði ráð fyrir í upphafi:

- Skólaárið 2015 – 2016 unnu annar bekkur og B – hópur vikulegar tilraunir í náttúrufræði. Í framhaldinu skrifaði svo hvor hópur um sig greinargerð í sinni heimastofu þar sem orðaforði og umræður fóru fram annars vegar á íslensku og hins vegar á ensku.
- C hópur og fimmti bekkur hafa tekið tarnir þar sem unnið er með afmörkuð verkefni í náttúrufræði.
- Nemendur í 5., 6., og 7. bekk hafa sótt enskunám í alþjóðadeildinni
- Á vorönn 2016 og 2017 tóku nemendur á unglingsstigi í almennu deildinni svo kölluð MAP próf í stærðfræði og ensku (Measure of Academic Progress).
- Nemendum í almennu deildinni og alþjóðadeildinni hefur verið blandað á unglingsstigi í valgreinum og hefur valið orðið fjölbreytilegra, t.d. hefur verið boðið upp á enskar bókmenntir og líffræði í takti við Cambrigde námsskrána.
- Nemendur beggja deilda hafa farið saman í vettvangsferðir innanlands og utan.
- Skólaárið 2016 – 2017 var boðið er upp á fjölbreytt klúbbstarf á miðstigi sem báðar deildir geta sótt.

ÍSLENSKUNÁM Í ALÞJÓÐADEILDinni

Í upphafi haustannar 2015 var gerð tilraun með kennslu í íslensku fyrir alþjóðadeildina og tók umsjónarkennari af miðstigi að sér kennsluna. Erfitt reyndist að kenna hópum sem skipt var í þrennt eftir aldri. Nemendur sóttu tíma að skóladegi loknum. Nemendur voru þreyttir og geta þeirra afar misjöfn. Sumir töluðu enga íslensku á meðan aðrir voru altalandi. Um áramótin var því ákveðið að breyta skipulaginu og flétta íslenskunámið inn í stundaskrá alþjóðadeilda. Gekk þessi tilraun vel hvað varðar íslenskukennslu en nemendur misstu hins vegar nokkuð mikið úr öðru námi.

Á haustmisseri 2016 var ákveðið að fá utanaðkomandi aðila til að kenna þeim íslensku sem áhuga hefðu og að kennslan færi fram eftir venjubundinn skóladag en innan skólans. Ekki gekk það heldur upp. Að hluta var það vegna persónulegra aðstæðna og að hluta vegna þess hversu ólíkur nemendahópurinn var og erfiðleika sem af því spunnust.

Ekki hafa allir sömu ástæður til að læra íslensku, sumir eru hér í fá ár og vilja fá innsýn í tungumálið. Aðrir eru altalandi á íslensku en kjósa foreldrar ýmissa hluta vegna að börnin séu í enskumælandi námsumhverfi en vilja líka að börn þeirra viðhaldi og dýpki íslenskuþekkingu sína.

Erfitt hefur verið að mæta öllum þessum ólíku óskum.

Á yfirstandandi skólaári hefur ekki verið boðið upp á formlegt nám í íslensku fyrir íslenskumælandi börn í alþjóðadeildinni. Sumir nemendur hafa þó verið samferða jafnöldum sínum í íslensku í almennum bekkjum en þá um leið misst úr öðru námi.

Það er erfitt að byggja upp nám í íslensku þegar allt námsumhverfi er á ensku. Skólinn hefur brýnt fyrir foreldrum að hugsa til enda þá ákvörðun að setja barn sem talar íslensku í enskumælandi námsumhverfi. Nemendur í alþjóðadeild ljúka IGSCÉ prófi (International General Certificate of Secondary Education) og geta þá hafið tveggja ára International Baccalaurum nám (IB-nám) í Menntaskólanum við Hamrahlið. Nemendur gætu mögulega sótt um aðra framhaldsskóla eftir að hafa lokið IGSCÉ prófi en íslenskufærni gæti hamlað för. Eins þarf að hafa í huga að flestar námsleiðir í háskóla á Íslandi eru kenndar á íslensku.

Í Garðabæ hefur verið boðið upp á tvær leiðir í alþjóðanáminu; annars vegar leið þar sem allt nám er á ensku og hins vegar leið þar sem líka er kennt á íslensku.

Áhugavert er að horfa til ýmissa verkefna og skóla

(https://en.wikipedia.org/wiki/Hand_in_Hand:_Center_for_Jewish-Arab_Education_in_Israel) þar sem kennt er á tveimur tungumálum jafnhliða og vera má að það sé möguleiki sem mætti skoða betur í framtíðinni. Einhverjir nemendur gætu þá verið í tvöföldu námi í afmörkuðum greinum – og þá útskrifast með tvöfalt próf. Kennslutími þyrfti þá að vera meiri og slíkt gæti hentað áhugasömum og duglegum nemendum. Slíkt nám yrði kostnaðarsamt.

ALMENNUR ÁVINNINGUR LANDAKOTSSKÓLA AF STARFRÆKSLU ALÞJÓÐAÐEILDAR

Margt konar ávinningur má sjá af starfrækslu alþjóðadeildar innan skólans. Nemendahópurinn er nú fjölbreytilegri sem eykur skilning, vísýni og samkennd.

Nefna má að kennsla í frönsku hefur eflst með tilkomu alþjóðadeildarinnar þar sem tvímennt er í kennslu í mörgum bekkjardeildum.

Nemendur í almennum bekkjardeildum sem búið hafa í ensku málumhverfi geta sótt í krefjandi enskunám í alþjóðadeild.

Val á unglíngastigi hefur aukist með tilkomu alþjóðadeildar og geta nemendur í íslensku bekkjunum og alþjóðadeildinni valið saman flestar greinar.

Kennarar sem voru í hlutastarfi í Landakotsskóla hafa fengið hærra starfshlutfall.

Frístund hefur eflst þar sem báðir hópar nýta frístundina og þar blandast börnin og kynnast hvort öðru.

Sú nýbreytni var tekin upp á haustönn 2016 að skipuleggja klúbbastarf fyrir miðstig í almennum bekkjum og alþjóðadeild. Eitt mikilvægt markmið klúbbastarfsins er að bjóða upp á áhugaverða námskosti þar sem

nemendur hefðu möguleika á að kynnst þvert á aldur og deildir. Með klúbbum er hægt að bjóða upp á ýmis verkefni sem ekki er hægt að gera inna stundaskrár og byggja á margs konar áhuga nemenda. Dæmi um klúbba er stærðfræðiklúbbur, leiklist, bílskúrsband, forritun og skák.

Skólastarf í heild sinni er öflugra og fjölbreytilegra.

ALÞJÓÐLEG PRÓF

Í janúar 2016 var hafist handa við að nota MAP (Measure of Academic Progress) próf til að meta framfarir og stöðu nemenda í lesskilningi, ritun og málfræði, stærðfræði og náttúrufræði. Ráðgert var í upphafi að leggja prófin fyrir þrisvar sinnum á hverju skólaári en þar sem nokkuð tímafrekt er að leggja prófin fyrir hefur nú verið ákveðið að leggja prófin fyrir tvisvar á hverju skólaári, að hausti og vori. Eins og sagt var frá hér að fram voru prófin einnig lögð fyrir 7. – 10. bekk í almennum bekkjardeildum í stærðfræði og ensku. Próf þessi eru mikilvæg mælitæki og gefa kost á að bera saman stöðu nemenda Landakotsskóla og jafnaldrá þeirra víða um heim. Nemendur í íslensku og alþjóðlegu bekkjunum komu nokkuð vel út, nokkrir voru með 5% hæstu í sínum hópi í heiminum, annars vegar í stærðfræði og hins vegar í ensku. Alls taka 75 nemendur prófið í Landakotsskóla.

MAP prófið er notað af 15.000 skólum í Bandaríkjunum og í 145 löndum víða um heim. Prófin eru mælikvarði á framfarir hvers og eins og fylgja niðurstöður nemendum milli landa. Niðurstöður prófsins eru settar fram með þeim hætti að auðvelt er að sjá hvar styrkleiki og veikleiki nemanda er í viðkomandi grein. Auk ofangreindra prófa keypti skólinn einnig aðgang að æfingum sem hjálpa hverjum og einum nemenda að þjálfa sig í þeim þáttum sem einkum þarf að byggja upp færni í. Hver og einn nemandi fær aðgang að svæði þar sem eru æfingar sem tengjast ákveðnum námsþáttum sem hann þarf að dýpka og æfa betur. Á grunni niðurstaðna MAP prófa eru útbúin sérstök færnimarkmið fyrir hvern og einn nemanda. Auk ofangreindra kosta MAP prófanna gefa þau foreldrum skýra mynda af stöðu nemenda og hvernig framförum er háttað í hverri námsgrein.

Nemendur taka einnig samræmd próf samkvæmt Cambridge námsskránni á ákveðnum lykilstöðum í náminu, að loknu grunnnámi, að loknu miðstigi og svo í lokin IGCSE próf. Enn hafa engir nemendur verið á þeim stað í námi að þeir hafa þurft að þreyta þessi próf í skólanum. Næsta vor munu hins vegar nokkuð stór hópur nemenda fara í slík próf.

FORELDRARÁÐ

Alþjóðadeildin er studd af öflugu foreldraráði sem hefur hist reglulega frá upphafi. Samstarf er á milli foreldraráðs alþjóðadeildarinnar og foreldraráðs almennu bekkjardeildanna. Skipulagðir hafa verið ýmsir viðburðir sem eru í boði fyrir alla nemendur.

Foreldraráðin hafa lagt hönd á plóg og safnað fyrir ferðalögum nemenda, kaupum á smásjám og kaupum á Cambridge námsskránni.

Á haustönn 2016 hittist foreldraráð reglulega með deildarstjóra alþjóðadeildar og skólastjóra. Voru þá ræddar mögulegar leiðir hvað varðar námsskrá sem fara ætti eftir og stóð valið á milli námsskrár frá Cambridge samtökunum (CIE) eða frá International Baccalaureum samtökunum (IB). Tekin var ákvörðun um að nota Cambridge námsskránni. Var það gert þar sem margs konar efni er til innan Cambridge námsskrárinnar, einnig eru til nokkurs konar millistykki sem tengja Cambridgesnámsskrá við IB námsskrá og námsskrár annarra landa.

Í samstarfi foreldra, nemenda og kennara var tekin ákvörðun um hvaða greinar yrði boðið upp á innan skólans til lokaprófa, IGCSE. Eftirtaldar greinar voru valdar:

Art and design

World history

Language art

Biology

International Mathematics – aligned to the International Baccalaureate

French

Health and nutrition

English literature.

VOTTUN

Í takti við alþjóðlegar kröfur sótti skólinn um vottun til Cambridge-samtakanna. Var það gert á vormisseri 2016 og þurfti skólinn að leggja fram ýmsar upplýsingar. Sendur var aðili frá samtökunum til Íslands sem tók út skólafarið, fór yfir starfshætti, öryggisatriði, ræddi við foreldra, nemendur og stjórnarmenn skólans. Formleg vottun var gefin út í apríl 2016.

Ein af kröfum Cambridge samtakana er að þeir kennarar sem kenna vísindagreinir séu með BS gráðu, auk kennslugráðu. Til að uppfylla þessar kvaðir þurfti skólinn að auglýsa eftir slíkum starfskrafti sem ráðinn var frá og með haustmisseri 2016.

Aðrar kvaðir samtakana, sem skólinn þurfti að uppfylla, var að útbúa sérstaka náttúrufræðistofu og sérstaklega gerða geymslu fyrir prófaniðurstöður. Búið er að útbúa kennslustofuna þó enn vanti nokkuð upp á tækjakost og hefur skólinn í millitíðinni fengið aðgang að raungreinastofum MH. Einnig er unnið að því að koma prófageymslunni í viðunandi horf.

Cambridge-samtökin munu halda áfram að fylgjast með starfsemi skólans. Einnig munu samtökin fylgjast með gengi nemenda á samræmdum prófum og mögulega senda úttektaraðila þegar prófin verða haldin.

Skólinn hefur sett sig í samband við Middle States Association of Schools and Colleges (MSASC) í Bandaríkjunum og við Evrópsk samtök alþjóðaskóla (European Counsel of International Schools). Til athugunar er að skólinn sækir um vottun frá þessum aðilum, einkum MSASC og er það þá gert til að mæta kröfum þeirra sem fara á milli Bandaríkjanna og Íslands. Nú þegar er gætt að því að farið sé eftir þeim viðmiðum sem námsskrá Bandaríkjanna setur en vottunin gengur að mestu út á að gæta að slíku samræmi. Nokkuð kostnaðarsamt er að fá vottunina og hefur skólinn sótt um styrk til Bandaríkjanna til að standa undir þessum kostnaði.

Áhugavert verður að sjá hvernig skólinn í heild sinni getur nýtt sér þessi kerfi til að bæta nám sitt og koma betur til móts við alla nemendur. Í Cambridge námsskránni er til að mynda afar áhugavert námsefni á sviði sjálfbærni og náttúrufræði sem tekur á mikilvægum þáttum í umhverfi okkar eins og mengun og vatnsnotkun. Einnig er í boði námsskrá í ensku sem öðru máli.

Í vetur hefur nemendum í 9. og 10 bekk í almennum bekkjardeildum staðið til boða að vera í tveimur greinum sem kennt er til IGCSE prófs en það eru líffræði og enskar bókmenntir.

SAMSTARF ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR OG ALÞJÓÐAÐEILDAR

Hingað til hafa málefni nemenda verið rædd á almennum nemendaverndarráðsfundum og hefur deildarstjóri alþjóðadeildar, sem einnig heldur utan um sérkennslu í deildinni, komið inn á fundi og rætt málefni nemenda eftir því sem þörf er á. Einnig hafa sálfræðingur og kennsluráðgjafi þjónustumiðstöðvar komið að ýmsum málum. Hluti málanna er tengdur nemendum með reykvískt lögheimili en einnig hafa komið upp mál sem

tengjast börnum diplómata. Skoða þyrfti hvernig ætti að vinna með málefni barna sem eiga ekki lögheimili á Íslandi, bæði hvað varðar kostnað og eins möguleg inngrip.

Einnig hvort halda eigi áfram þeim hætti sem hafður hefur verið eða hafa sérstaka nemendaverndarráðsfundir sem halda utan um málefni barna í alþjóðadeild. Málið verður rætt á fundi skólans og þjónustumiðstöðvar sem ráðgerður er í lok vormisseris.

STARFSFÓLK

Í upphafi réð skólinn til starfa fjóra starfsmenn sem sinna kennslu, deildarstjórnun (sem einnig sinnir sérkennslu) og skólaliða. Þessir fjórir starfsmenn eru allir með, eða rétt að ljúka meistaranámi. Síðan þá hafa bæst við tveir kennarar og tveir stuðningsfulltrúar. Kennararnir koma víða að, flestir hafa lokið BA námi í kennslufræðum, margir bætt við sig mastersnámi eða eru í þann veginn að ljúka því. Einn kennari er með BS próf og kennaramenntun í ofanálag. Starfsfólk kemur víða að og hafa margir búið á Íslandi um langt árabil og hafa áður unnið í alþjóðlegum skólum. Tveir koma frá Bandaríkjunum, tveir koma frá Frakklandi. Aðrir eru frá Kanada, Kýpur, Írlandi og Bretlandi.

ÁSKORANIR

Nú þegar alþjóðadeildin hefur verið hluti af skólanum á fjórða misseri er ljóst að deildin hefur runnið nokkuð vel inn í skólastarfið. Í framtíðinni má vel sjá fyrir sér enn meira samstarf. Ávinningur skólans í heild er mikill, sérstaða skólans er skýrari og valkostir nemanda í námi fleiri.

Í alþjóðadeildinni er aldursblandað í bekkir og nemendur því á enn ólíkari stöðum í námi en í almennum bekkjardeildum þar sem hver árgangur er í sérstökum bekk. Að einhverju leyti byggir slíkt nám á heldur minni bekkjardeildum en almennar bekkjardeildir gera ráð fyrir og skapast þá um leið meira svigrúm og nauðsyn á fjölbreytilegum kennsluáttum. Með enn meiri samvinnu er líklegt að kennsluhættir verði almennt fjölbreyttari. Kennarar koma með ólíkar hugmyndir og reynslu og geta unnið að flóknari verkefnum þegar tveir til þrjú kennarar geta unnið saman með hóp nemenda.

Nokkuð var rætt um það innan kennarahópsins að mikilvægt væri að nýir nemendur tileinkuðu sér skólareglur rétt eins og aðrir nemendur og hefur verið hnykk á því við nemendur eins og þurfa hefur þótt. Einnig var rætt um mikilvægi þess að ræða jafnt og þétt við nemendur í almenna hluta skólans um að þeir töluðu íslensku sín á milli. Þó má nefna að áður en alþjóðadeildin var sett á laggrinnar hafði nokkuð borið á því að sumir nemendur kusu að tala ensku sín á milli í stað íslensku en hlutfall tvítyngdra nemenda við skólann var 25% skólaárið 2014 – 2015. Mikilvægt er að halda þessari umræðu á lofti innan skólans.

Haldinn var matsfundur meðal kennara og starfsfólks í lok október 2015 um framgang verkefnisins. Á fundinum þótti starfsfólki almennt að ávinningur væri af því að hafa alþjóðlega deild innan skólans og nefndu skýrari sérstöðu skólans, aukin tækifæri á samstarfi, tryggari rekstrargrundvöll, aukna möguleika á að skipta hópum upp eftir viðfangsefnum, möguleika á meiri einstaklingsmiðun, áhugaverða endurmenntunarmöguleika, meiri fjölbreytileika í litlum skóla, að börnin ynnu vel saman og að nemendum í nýju deildinni liði almennt vel, nýr reynsluheimur opnast fyrir kennara og nemendur, bakgrunnur kennara væri nú fjölbreytilegri, tækifæri til að auka vísýni og umburðarlyndi nemenda.

Eftirfarandi áskoranir voru nefndar; fleiri kennarar um sömu stofuna, upplýsingaflæði mætti vera öflugra milli kennara í alþjóðadeild og í almennu bekkjardeildunum, minna pláss innan skólans, miklar breytingar á stuttum tíma, nýir nemendur að koma inn sem kennarar þekktu ekki, álag á list- og verkgreinakennara, umgengni verri í skólanum með fleiri nemendum, óttast að íslenskan kunnir að líða vegna fleiri erlendra nemenda innan skólans.

Unnið var að úrbótum í takti við ofangreindar áskoranir. Textíl- og myndmenntastofa voru sameinaðar í desember 2015 enda sami kennari sem kennir báðar greinar. Búin var til náttúrufræðistofa í kjallara skólans þar

sem áður hafði verið bókaeymsla en bókaeymsla var endurskipulögð og sett á ganga skólans. Sú stofa hefur einnig verið nýtt til listsköpunar. Einnig var sérkennsluver endurskipulagt og það fært í tvö minni rými sem illa höfðu verið nýtt áður. Sérkennsluverið varð því að fjórðu kennslustofunni. Sett voru upp borð á hæðinni fyrir ofan kennarastofu þar sem hluti bókasafnsins er og við það varð til lærdómsaðstaða fyrir nokkra nemendur. Hamrað var á skólareglum og þær þýddar á ensku. Bætt hefur verið við fatahengjum til að umgengni yrði betri. Í umræðunni er að halda sameiginlega stigsfundi með aðkomu alþjóðadeildar og skoða hvernig megi bæta nýtingu og aðgengi að bókasafni.

Í vetur hefur erlent háskólafolk sóst eftir því að hafa börnin sín í skólanum. Þessir foreldrar eru oft gestakennarar í Háskóla Íslands og hafa ekki sótt um lögheimili á Íslandi þar sem þeir dvelja oft ekki lengur en tvo til fjóra mánuði á Íslandi en þykir þó mikilvægt að barn þeirra geti stundað nám eftir alþjóðlegri námsskrá á ensku. Skólinn hefur ekki fengið greiðslur frá borginni fyrir þessa nemendur og mun því ekki geta tekið á móti slíkum nemendum næsta vetur. Mögulegt er að þessi ákvörðun skólans muni hafa neikvæð áhrif á afstöðu einhverra tilvonandi gestakennara við háskólanna.

NIÐURLAG

Alþjóðlegt nám í hjarta Reykjavíkur þjónar vel tilgangi sínum. Slíkt nám er mikil lyftistöng fyrir Reykjavíkurborg sem hefur markað sér þá atvinnustefnu að vera vettvangur alþjóðlegra fyrirtækja. Deildin hefur dafnað vel á því tveggja ára tilraunatímabili sem nú er að baki. Námið spyrst vel út og þjónar þeim hópi sem upp var lagt með. Allir alþjóðlegir diplómatar í Reykjavík senda börn sín í Landakotsskóla og fjöldi starfsmanna erlendra fyrirtækja hefur valið Landakotsskóla fyrir börn sín. Skólinn hefur gengið í gegnum strangt vottunarferli og mun á næsta ári bjóða upp á samræmd lokapróf úr grunnskóla, IGCSE próf í takti við námsskrá Cambrigde- samtakanna. Þetta verður í fyrsta sinn á Íslandi sem boðið er upp á alþjóðlegt lokapróf úr 10. bekk.

Það er hins vegar ljóst að plássleysi blasir við skólanum. Næsta vetur eru fjórar af sextán bekkjardeildum fremur litlar; tvær í unglingsdeild og tvær í alþjóðadeild. Ef allar bekkjardeildir væru fullsetnar þyrfti skólinn meira rými. Nokkrir möguleikar eru í stöðunni. Huga mætti að innra skipulagi skólabyggingar, kaupa tvöfalda lausa stofu eða byggja við skólann en til eru samþykktar teikningar af viðbyggingu við skólann.

Næsta vetur verða rúmlega 260 nemendur við skólann. Ef allar bekkjardeildir eru fullsetnar gætu nemendur verið alls 332. Þá er gert ráð fyrir 22 nemendum í 11 bekkjardeildum í almenna hlutanum, samtals 242 nemendur. Í alþjóðadeildinni væri að hámarki hægt að hafa 90 nemendur, 15 nemendur í tveimur yngri hópum alþjóðadeildar og 20 í þremur eldri hópum alþjóðadeildar.

Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg gerir nú, eftir síðustu viðauka, ráð fyrir 202 börnum á grunnskólaaldri og 22 börnum á leikskólaaldri, alls 224 börnum. Hluti nemenda er frá öðrum sveitarfélögum og án lögheimilis og má reikna með að sá fjöldi sé að jafnaði um 26 nemendur. Ef hugsa ætti heildstætt um þjónustusamning við skólann, þar sem gert er ráð fyrir fullum bekkjardeildum og 5 hópum í alþjóðadeild, vantar að lyfta þaki í þjónustusamningi um 92 nemendur. Ef eingöngu er hugsað til næsta vetrar þá er útlit fyrir að reykvískir nemendur á grunnskólaaldri verði 234 og vantar því 32 miðað við núverandi tölu í samningi með síðustu viðaukum. Hins vegar verða reykvískir nemendur á leikskólaaldri um 20 sem rúmast innan þjónustusamnings vegna leikskólastigsins þar sem gert er ráð fyrir 22 nemendum.

Mikilvægt er að hugsa heildstætt um nemendafjölda og gera skólanum þannig kleift að skipuleggja starf sitt til næstu ára. Eftir að foreldrar tóku við rekstri Landakotsskóla og sjálfseignarfélag var stofnað um rekstur skólans árið 2004 hefur starf skólans smá saman styrkst. Með rekstri alþjóðadeildar innan lítills grunnskóla skapast áhugaverð eining þar sem þróa má skólastarf með eftirsóknarverðum hætti sem nýst gæti til eftirbreytni í stærra samhengi.

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir SFS, og Landakotsskóli ses., kt. 660505-1210, Túngötu 15, Reykjavík, hér eftir skólinn, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning um framlag vegna nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík:

1. gr.

Skilyrði

Skólinn skal hafa viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra.

Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög og reglur um grunnskóla og lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Réttindi og skyldur nemenda skulu vera í samræmi við gildandi grunnskólalög á hverjum tíma, reglugerðir settar samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla.

Um framlagið samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.

2. gr.

Rekstrarframlag

Framlagið nemur 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur. Fjölggi nemendum umfram 200 nemur framlagið 70% af vegnu meðaltali fyrir hvern nemanda umfram 200. Greitt er framlag vegna 158 nemenda.

Framangreint framlag Reykjavíkurborgar við skólann, sem er framlag vegna reksturs skólans allt árið, verður greiddur með 9 greiðslum síðasta virka dag hvers mánaðar fyrir líðandi mánuð. Ekki er greitt mánuðina júní, júlí og ágúst. Framlagið miðast við fjölda nemenda í skólanum í yfirstandandi mánuði, sem eiga lögheimili í Reykjavík og nemendur sem eru fósturbörn, ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. SFS krefur sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur um kostnað vegna skólagöngu barns í fóstri hjá fósturforeldrum með lögheimili í Reykjavík.

Um greiðslu kostnaðar vegna stuðnings við nemendur með metnar sérþarfir og nemendur með annað móðurmál en íslensku er vísað til 6. og 7. gr. samningsins.

Skólanum ber að koma réttum upplýsingum um fjölda nemenda til SFS fyrir 5. dag hvers mánaðar til að hægt sé að greiða rétta fjárhæð í lok mánaðarins.

Hlt

Skólanum er heimilt að taka nemendur í skólann sem ekki eiga lögheimili í Reykjavík en Reykjavíkurborg greiðir hvorki framlag né annan kostnað vegna þeirra.

Skólanum ber að skila til SFS starfsáætlun, þ.m.t. upplýsingum um fjölda nemenda á komandi skólaári, eigi síðar en 1. maí ár hvert. Listi yfir nemendur sem stunda nám í skólanum í ágústlok skal sendur SFS eigi síðar en 1. september. Skólanum er jafnframt skylt að veita sviðinu aðgang að nemendaskrá og upplýsingar um innritaða nemendur þegar þess er óskað.

Skólanum er heimilt að óska eftir breytingu á viðmiði um fjölda nemenda sem greitt er framlag vegna ef sýnt er fram á að fjölgun nemenda verði umfram framangreindan hámarksfjölda nemenda í 1. mgr. 2.gr. samnings þessa. Umsókn skal berast með starfsáætlun eigi síðar en 1. maí ár hvert. Skal ákvörðun Reykjavíkurborgar vegna beiðni um breytingu á viðmiði liggja fyrir eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 10. júní.

Rekstrarafgang af starfsemi skólans, sem rekja má til opinberra fjárveitinga, skal nýta til að efla skólastarfið. Í ársskýrslu skólans til Reykjavíkurborgar skal gerð grein fyrir því hvernig framangreindur rekstrarafgangur er metinn og hvernig honum er varið.

3. gr. Gjaldtaka

Skólanum er heimilt að taka gjald af foreldrum vegna kennslu og skólamáltíða.

4. gr. Innritun nemenda

Skólanum ber að setja sér reglur um innritun nemenda sem byggðar skulu á ákvæðum grunnskólalaga um skóla án aðgreiningar þar sem allir nemendur eiga sama rétt til að innritast í skólann án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

5. gr. Sérfræðiþjónusta

Skólinn á rétt á sömu sérfræðiþjónustu og almennir grunnskólar frá þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar í því hverfi sem skólinn er staðsettur.

6. gr. Stuðningur við nemendur með sérþarfir

Skólinn getur sótt um fjármagn vegna sérstaks stuðnings fyrir nemendur með metnar sérþarfir, samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma. SFS greiðir 45% af úthlutaðri fjárhæð vegna haustannar fyrir 1. nóvember og 55% vegna vorannar fyrir 1. apríl. Þarfnist nemandi með lögheimili utan Reykjavíkur sérstakrar aðstoðar eða aukins stuðnings semur skólinn sérstaklega um viðbótargreiðslur við viðkomandi sveitarfélag.

7. gr. Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Skólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

8. gr.

Upplýsingar, mat og eftirlit

Skólinn skal lúta sama eftirliti með innra starfi og aðrir grunnskólar í Reykjavík. Þeir skulu framkvæma innra mat með því að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Skólanum ber að birta á heimasíðu sinni upplýsingar um innra mat, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

SFS framkvæmir ytra mat og ber skólanum að láta sviðinu í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið og til að sinna að öðru leyti eftirlitsskyldu sinni.

Við undirritun samnings þessa liggur skólanámskrá skólans fyrir. Skólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrána reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar.

Starfsáætlun skólans fyrir komandi skólaár skal send skóla- og frístundaráði til staðfestingar fyrir 1. maí ár hvert.

9. gr.

Ársskýrsla

Skólinn skal skila ársskýrslu ásamt endurskoðuðum ársreikningi til SFS fyrir 1. maí ár hvert fyrir liðið fjárhagsár.

10. gr.

Fundir og námskeið fyrir skólastjórnendur

SFS skal upplýsa og bjóða stjórnendum skólans á reglubundna fundi sem yfirstjórn SFS heldur með skólastjórnendum í Reykjavík. Jafnframt skal bjóða stjórnendum skólans að sækja námskeið á vegum SFS gegn greiðslu kostnaðar.

11. gr.

Endurskoðun samnings

Ef upp koma breytingar í starfsumhverfi viðurkenndra grunnskóla sem reknir eru af öðrum en Reykjavíkurborg er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins með tilliti til þeirra.

12. gr.

Framsal

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

13. gr.

Force Majeure

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

14. gr.
Gildistími og uppsögn

Samningurinn tekur gildi 1. nóvember 2015. Samningurinn gildir til þriggja ára og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar SFS eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Þjónustusamningur þessi er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með eins árs fyrirvara.

15. gr.

Endurkrafa á ofgreiddu framlagi og vanefndir

Komi í ljós að SFS hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun SFS lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Skólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

16. gr.

Afturköllun viðurkenningar

Afturkalli mennta- og menningarmálaráðherra viðurkenningu skólans fellur samningur þessi úr gildi án uppsagnar.

17. gr.

Varnarþing


Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

18. gr.

Undirritun

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, 20. október 2015



F.h. skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar
Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



F.h. Landakotsskóla þes.

NOTAR AÐ EINTAKI ÞESS ER GILTI Á BÆIRKUNINGAN.

Gjöldin í ljóshjól. 240467-4619

Stalleg þess 2015 110002-4249

Viðauki við þjónustusamning

1. gr.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 og Landakotsskóli, kt. 660505-1210, gerðu þann 20. október 2015 með sér þjónustusamning um framlag vegna 158 nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík, sbr. 2. gr. samningsins.

Þann 19. janúar 2016 var gerður viðauki við framangreindan samning. Byggist hann á samþykkt skóla- og frístundaráðs og borgarráðs frá 16. desember 2015 og 9. júlí 2015 þar sem samþykkt var tillaga um stofnun og starfrækslu alþjóðadeildar við Landakotsskóla fyrir allt að 24 nemendur. Um er að ræða tilraunaverkefni til tveggja ára.

Með samþykkt skóla- og frístundaráðs þann 16. desember 2015 og borgarráðs þann 7. janúar 2016 var heimilað að greiða framlag vegna reykvískra nemenda skv. þjónustusamningi dags. 20. október 2015 og samþykktar borgarráðs þann 9. júlí 2015 um greiðslu vegna 13 reykvískra nemenda á gildistíma viðaukans, óháð því hvort reykvískur nemandi sé í almenna hluta skólans eða í alþjóðadeild/próunarskóla. Engu að síður verði skýrt í hvorum hluta skólans nemendur er. Jafnframt var samþykkt að fjölga nemendum í alþjóðlegri deild úr 24 í 45 nemendur.

Samtals var því heimilt að greiða framlag með allt að 171 nemendum í Landakotsskóla.

Aðilar framangreinds þjónustusamnings hafa ákveðið að gera nýjan viðauka við framangreindan samning aðila frá 20. október 2015.

2. gr.

Viðaukinn er annars vegar byggður á samþykkt borgarráðs frá 22. desember 2016 þar sem samþykkt var að frá 1. janúar 2017 sé heimilt að greiða framlag vegna 7 reykvískra barna til viðbótar við þau 171 börn sem nú er heimilt að greiða framlag vegna. Verður því heimilt að greiða framlag vegna alls 178 barna frá 1. janúar 2017.

Viðaukinn er hins vegar byggður á samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 14. desember 2016, sem staðfest var í borgarráði 22. desember 2016. Þar var samþykkt að frá upphafi skólaárs 2017/2018 verði viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna hækkað um 20 börn. Verður því frá upphafi skólaárs 2017/2018 heimilt að greiða framlag vegna 20 barna til viðbótar.

3. gr.

Viðauki þessi telst vera hluti framangreinds samnings milli aðila frá 20. október 2015 og gilda sömu ákvæði um uppsögn og endurskoðun samningsins. Að því leyti sem ákvæði viðauka þessa og gildandi samnings kunna að teljast ósamrýmanleg gilda ákvæði viðaukans.

4. gr.


Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsaðila á viðaukanum skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

5. gr.

Viðauki þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, sitt handa hvorum samningsaðila.

Viðaukinn er undirritaður af sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs f.h. Reykjavíkurborgar og Ingibjörgu Jóhannsdóttur, skólastjóra, f.h. Landakotsskóla, sem ábyrgist að fyrir hendi sé heimild stjórnar skólans til að undirrita viðauka þennan.

Reykjavík 17. febrúar 2017



F.h. skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Helgi Grímsson, sviðsstjóri



F.h. Landakotsskóla

Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun:

Sigríður Norðhörn 190670-4659
Annalífuþróun/futurskólinn

Viðauki við þjónustusamning

1. gr.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 og Landakotsskóli, kt. 660505-1210, gerðu þann 20. október 2015, með sér þjónustusamning um framlag vegna nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík.

Aðilar framangreinds þjónustusamnings hafa ákveðið að gera viðauka við framangreindan samning.

2. gr.

Viðaukinn er byggður á samþykkt skóla- og frístundaráðs og borgarráðs frá 16. desember 2015 og 9. júlí 2015 þar sem samþykkt var tillaga um stofnun og starfrækslu alþjóðadeildar við Landakotsskóla fyrir allt að 24 nemendur og var sviðsstjóra falið að ganga til samninga við forsvarsmenn skólans sem feli í sér heimild til að greiða framlög með allt að 13 reykvískum börnum á samningstímanum.

Með samþykkt skóla- og frístundaráðs þann 16. desember 2015 og borgarráðs þann 7. janúar 2016 var heimilað að greiða framlag vegna reykvískra nemenda skv. þjónustusamningi dags. 20. október 2015 og samþykktar borgarráðs þann 9. júlí um greiðslu vegna 13 reykvískra nemenda, þann tíma sem viðauki þessi gildir, óháð því hvort reykvískur nemandi er í almenna hluta skólans eða í alþjóðadeild/þróunarskóla. Engu að síður verði skýrt í hvorum hluta skólans nemendur eru. Jafnframt var samþykkt að fjölga nemendum í alþjóðlegri deild úr 24 í 45.

Framangreind samþykkt er byggð á því að um sé að ræða þróunarverkefni til tveggja ára um stofnun og starfrækslu alþjóðadeildar við Landakotsskóla.

Fyrirvari er gerður um samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytisins til samræmis við 44. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, vegna breytingarinnar.

3. gr.

Með vísan til þess sem að framan greinir er Landakotsskóla heimilt að starfrækja alþjóðadeild við Landakotsskóla fyrir allt að 45 nemendur. Heimilt er að greiða rekstrarframlag með allt að 13 reykvískum nemendum á samningstíma viðauka þessa til samræmis við samning aðila frá 20. október 2015, til viðbótar við þann fjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna skv. samningi aðila frá 20. október 2015. Samtals er því heimilt að greiða framlag vegna 171 reykvískra nemenda þann tíma sem viðauki þessi gildir, óháð því hvort reykvískur nemandi er í almenna hluta skólans eða í alþjóðadeild/þróunarskóla. Sömu ákvæði gilda um framlagið skv. viðaukanum og skv. framangreindum samningi, dags. 20. október 2015.

rett
y.

Landakotsskóli skal skrá í hvorum hluta skólans nemendur eru.

4. gr.

Greitt var framlag skv. framangreindu frá upphafi haustannar 2015 og lýkur greiðslum að lokinni vorönn 2017, síðasta greiðsla verður greidd 31. maí 2017 og lýkur þá gildistíma viðaukans og fellur hann brott án uppsagnar.

5. gr.

Viðauki þessi telst vera hluti framangreinds samnings milli aðila frá 20. október 2015 og gilda sömu ákvæði um uppsögn og endurskoðun samningsins. Að því leyti sem ákvæði viðauka þessa og gildandi samnings kunna að vera ósamrýmanleg gilda ákvæði viðaukans.

6. gr.


Rísi ágreiningur um efni viðaukans og/eða túlkun samningsaðila á viðaukanum skal reka ágreiningsmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. gr.

Viðauki þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, sitt handa hvorum samningsaðila.


Viðaukinn er undirritaður af sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, f.h. Reykjavíkurborgar og Ingibjörgu Jóhannsdóttur, skólastjóra, sem ábyrgist að fyrir hendi sé heimild skólans til að undirrita viðauka þennan.

Reykjavík, 19. janúar 2016



Helgi Grímsson sviðsstjóri

skóla- og frístundasviðs



Ingibjörg Jóhannsdóttir

F.h. Landakotsskóla,

Vottar að dags. og undirritun aðila:

